

V. KAPÍTULI

ÖNUNDR hét maðr, er bjó suðr at Mosfelli; hann var auðmaðr inn mesti ok hafði goðorð suðr þar um nesin. Hann var kvángaðr maðr, ok hét Geirný kona hans, Gnúpsdóttir, Molda-Gnúps sonar, er nam suðr Grindavík.¹ Peira synir váru þeir Hrafn ok Þórarinn ok Eindriði.² Allir váru þeir efniligir menn, en þó var Hrafn fyrir þeim í hvívetna. Hann var mikill maðr ok sterkr, manna sjálígastr ok skáld gott; ok er hann var mjök rosnaðr, þá fór hann landa á milli ok virðisk hvervetna vel, þar sem hann kom. Þá bjó suðr á Hjalla í Ölfusi þeir Þóroddr inn spaki Eyvindarson ok Skapti, sonr hans, er þá var lögsögumaðr³ á Íslandi. Móðir Skapta var Rannveig, dóttir Gnúps Molda-Gnúpssonar, ok váru þeir systra synir Skapti ok Önundarsynir;⁴ var þar⁵ vinátta mikil með frændsemi. Þá bjó út at Rauðamel Þorfinnr Sel-Þórisson ok átti sjau

¹ Um ætt Geirnýjar sjá Landn., 27. og 375. kap. Hins vegar er Önundar hvergi getið beinlínis nema hér og í Hallfredar s., 11. kap., og segir þar einnig, að hann hafi búið að Mosfelli. En það hefir þá verið síðar en hér er komið, því að fyrir og um 1000 bjó þar Grímur Svertingsson lögsögumaður (d. 1003), og eru fyrir því óyggjandi heimildir. Verið getur, að Önundur hafi komið að Mosfelli eftir Grím, því að þeir voru venzlaðir þannig, að Geirný, kona Önundar, og Grímur voru hálfystkini (sbr. Landn., 27. kap.). Eftir því, sem vér vitum bezt, fær það tæplega staðizt, að Önundur hafi getað haft goðorð um Suðurnes á þeim tíma, sem hér er um að ræða. Það goðorð hefir þá

enn verið í höndum Reykvíkinga og með það farið sonur Þorkels mána, Þormóður, „er þá var allsherjargoði, er kristni kom á Ísland“ (Landn., 52. kap.). Hugsanlegt er þó, að Önundur hafi farið með goðorð um Grindavík (hluta af Ölfusinga goðorði).

² Hrafn er getið í Landnámu með viðurnefninu Skáld-Hrafn, en ekkert er nú til af kveðskap, sem honum er eignaður, nema vísurnar hér í sögunni. Í Skáldatali er hann talinn meðal skálda Ólafs sænska og (í Uppsala-bók) Eiríks jarls Hákonarsonar.

³ Svo 557; *lögmaðr* 18. — Skapti varð lögsögumaður árið 1004, og er það síðar nokkuð en hér er komið sögu.

⁴ Sjá Landn., 27. kap.

⁵ Þar b. v. 557; sl. 18.